

Golfklúbburinn Oddur

Aðalfundur 2024, laugardaginn 7. desember

Dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins:

- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
- Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
- Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
- Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
- Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
- Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
- Kosning 3ja manna í kjörnefnd.
- Önnur málefni ef einhver eru.

Kári Haraldur Sölmundarson formaður GO setur fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Formaður lagði til að Gunnar Viðar yrði fundarstjóri og Svavar Geir Svavarsson fundarritari og var það samþykkt með lófaklappi. Fundarstjóri tók við fundinum og fór yfir og kannaði lögmæti fundarins og úrskurðaði um að löglega hefði verið til hans boðað og fundurinn þar með lögmætur aðalfundur, því næst var gengið til dagskrár og bauð fundarstjóri Kára Sölmundarson í ræðustól.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu ári

Kári þakkaði mættum fundargestum en nálægt 80 félagar voru mættir að þessu sinni. Kári talaði um að ársrit félagsins væri aðgengilegt á netinu á heimasíðu fundarins 2024.oddur.is þar sem hægt væri einnig að lesa skýrslur nefnda. Kári fór svo í skýrslu stjórnar og renndi yfir þau málefni sem hæst bar á árinu. Vísaði í að það væri ráð að skoða þessar árskýrslusíður aftur í tímann ef áhugi væri að bera saman síðustu ár.

Árið var rólegt viðburðarlega séð, kalt vor og sumarið undir pari í veðri, engu að síður var metfjöldi hringja leikinn á Urriðavelli eða 43.806 hringir. Fjölgun hringja má að hluta til rekja til þess að vellinum var skipt upp í tvo 9 holu velli í bókun í lok sumars og Kári vildi sérstaklega hrósa Tryggva og hans fólki fyrir vinnu þeirra í sumar.

Stjórn samhent í sínum störfum á árinu og alls voru stjórnarfundir 11, Kári þakkar stjórnarmönnum fyrir samvinnu á árinu. Allir stjórnarmenn sækjast eftir endurkjöri og það er merki um einhuga og samhenta stjórn.

1100 manns eru á biðlista og óvissa um það hversu hratt okkur tekst að vinna niður listann. Kári fór aðeins yfir störf nefndar á vegum GOF og GO sem vann að hagkvæmnisathugun um stækkun vallarins og tilfallandi verkefni í tengslum við þá vinnu. Niðurstaða nefndarinnar er að kostnaður við stækkun vallarins ásamt breytingum sé 934 milljónir og göngustígar og

annað því tengt sé um 142 milljónir. Skv. skýrslu nefndarinnar niðurstaða að Golfklúbburinn Oddur sé vel í stakk búinn að reka svæðið og greiða viðbótarleigu. Því til stuðning má horfa til ásóknar í klúbbinn og ört vaxandi biðlista, 485 sóttu um inngöngu á liðnu starfsári, 390 starfsárið 2023 og 221 árið 2022.

Að frumkvæði GO var rætt yfir golfvallarhönnuð Bandarísku hönnunarskrifstofunnar Robert Trent Jones og hann fenginn til landsins til að fá úr því skorið hvort þeir væru tilbúnir að skoða að taka að sér stækkunarverkefnið og fyrir liggur í dag tilboð frá þeim í stækkun. Staða mála varðandi stækkun á þessum tímapunkti er í dvala og engar fréttir að færa frá landeiganda sem er með málið í sínum höndum. Á meðan málin liggja þannig er aðaláhersla okkar að halda utan um golfvöll og rekstrargrundvöll hans

Fastir starfsmenn voru þeir sömu milli ára en heildarfjöldi starfsmanna dróst aðeins saman milli ára. Rafvæðing á svæðinu er verkefni sem við viljum halda áfram að sinna og uppbygging á róbótavæðingu er okkur hjartans mál. Ýmis vandamál eru til staðar sem hamla þessu verkefni og snýr það t.d. að heimtaug vallarins sem vart annar núverandi rekstri og þörf á að koma þeim málum í góðan farveg.

Barna og unglingastarf klúbbsins verið í frábærum vexti á árinu undir handleiðslu Hrafnhildar Guðjónsdóttur sem fór í barneignarleyfi á árinu og við hennar starfi tók Auður Björt Skúladóttir. Kári hvatti fundargesti og félagsmenn til að skoða skýrslu barna og unglingastarfsins, afreksstarfsins og skýrslur nefnda almennt.

Öllum nefndum þakkað fyrir þeirra starf. Metþáttaka var í meistaramóti klúbbsins í ár en 393 voru skráðir til leiks, veðrið lék stórt hlutverk í ár og skiptust á skin og skúrir og skúrir voru svo miklir þegar leið á mótið að lokadagur var óleikhæfur og hætta þurfti leik. Klúbbmeistarar í ár voru Rögnvaldur Magnússon og Hrafnhildur Guðjónsdóttir.

Kári fór yfir fjölda félagsmanna og skiptingu þeirra á vallarsvæðinu. Ásókn í rástíma hefur verið mikil og við rekum það að hluta til þess að fjölgun hefur verið í virkum félagsmönnum ásamt því að hingað sækja almennt stórir hópar gesta. Æfingasvæðið hefur verið gífurlega vel sótt og annar vart eftirspurn þrátt fyrir veika tilburði til stækkunar um tvo bása sem ætlaðir voru meira fyrir kennara klúbbsins. Fjárfesting á æfingasvæði í sláttur- og týnslupjörkum ásamt byggingu á húsnæði undir boltavél var kostnaðarsamari en áætlanir gerðu ráð fyrir en ljóst að endurgreiðslutími á því verður innan marka. Umhirða svæðisins var farin að taka einn starfsmann í fullri vinnu allt sumarið. Samhliða breytingum á æfingasvæði var bílastæðum fjölgað sem þörf var vissulega á.

Góður rekstur var á árinu og Þorvaldi framkvæmdastjóra þakkað fyrir það. GO hefur ekki haft aðgang að opinberum styrkjum til uppbyggingar ólíkt flestum öðrum íþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu en það má engu að síður hrósa Garðabæ fyrir stuðning við uppbyggingu golfíþróttarinnar innan bæjarins, þó lítið af þeim fjárlögum hafi ratað til Golfklúbbsins Odds.

Áfram munu árgjöld og önnur gjöld vera hærri en hjá öðrum nágrannaklúbbum þar sem við þurfum að gera ráð fyrir ýmsu í rekstri árlega og afgangur af tekjum því nauðsynlegur, má áætla að um 13.000 kr. af árgjaldi fari beint til landeiganda, nauðsynlegt að skila afgangi, alltaf þörf til að endurnýja tæki og tól, núvirði tækja um 400 milljónir.

Spurning úr sal – vísað í fyrirspurnartíma um skýrslu stjórnar.

Vinna í vetur er í samræmi við framtíðarsýn okkar og mest því um jarðvinnu að ræða sem tengist róbótavæðingu og slíkri uppbyggingu. Einhver vinna verður unnin við endurbyggingu

á teigum vallarins ásamt því að stefnt er að endurnýjun á gervigrasteigum á Ljúflingi og ef reynsla af þeim verður góð gæti sú þróun færst yfir á stærri völlinn með árunum.

Í samtarfi við GOF var framkvæmt á svæðinu fyrir um 40 milljónir króna, keyptir voru fjórir slátturþjarkar, þar af einn stór, kostnaður við endurbætur á æfingasvæði var um 25 milljónir sem skilar sér til baka á fimm árum í lægri rekstrarkostnaði.

Hagnaður af rekstri orðinn árlegur, félagsgjöld standa undir 60% af heildartekjum, Stefna stjórnar að viðhalda því forskoti sem við teljum okkur hafa sem einn besti golfvöllur landsins og golfklúbburinn einn sá eftirsóttasti fyrir þá sem eru að velja sér golfklúbb. Vandí fylgir vegsemd hverri, verkefni næstu stjórnar veður að þróa reglur um rástímaskráningar og fylgja eftir stefnu stjórnar um að takmarka aðgengi annara að golfvöllum. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna til að fylgja eftir þessum málum.

Kári ítrekaði svo þakklæti sitt til stjórnarmanna og starfsfólks fyrir liðið ár.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins lagðir fram

Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri fór yfir reikninga GO, fór þar yfir helstu liði í tekjum og gjöldum. Rekstrartekjur 338 milljónir og rekstrargjöld 307 milljónir, rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði því um 31 milljón en hagnaður 20 milljónir með afskriftum og fjármagnsliðum. Eins og lagt var upp með.

Hóflegur hagnaður nauðsynlegur upp á endurnýjun tækja, rekstrarlega gott ár en veðurfarslega ekki gott.

Þorvaldur fór í gegnum rekstrartekjur þar sem mátti sjá að nokkur hækkun var á tekjum í gegnum félagsgjöld í fulla aðild en Ljúflingsaðild stóð nokkuð í stað.

Vallartekjur meiri í ár en í fyrra, opnuðum fyrr.

Nýr samningur við Garðabæ, hækkun um 1.100.000 í samningi, svo styrkir sveitafélaga fara upp í reikningi.

Leigutekjur koma helst af skála, en einnig í dag erum við að fá tekjur af leigu til íslandsturna á fjarskiptamastri sem er svo framleigt til símafyrtækja.

Námskeiðs og æfingagjöld hafa hækkað, fjölgun í því starfi og kostnaður hefur þó einnig aukist.

Rekstaragjöld, vörunotkun svipuð, laun og launatengd gjöld hækka um 13.000.000 frá fyrra ári. Munar mest um samningsbundnar hækkanir og að kjarnastarfsmenn komu fyrr til starfa í ár en undanfarin ár.

Íþróttastarfið, lækkar aðeins, sem skýrist af því að við tókum yfir golfleikjanámskeið frá Golfakademíu Odds, lækkun sem nemur því sem þeir fengu greitt.

Rekstur Urriðavallar, leiga til GOF upp reiknuð í 31.500.000 milljónir, almennt viðhald vallar hefur lækkað aðeins, rekstur ársins á undan var þungur í bókum og því árið í ár líkara eðlilegum rekstrarkostnaði. Þrátt fyrir ýmsar hækkanir þá tókst að stilla rekstur vel af í ár. Rekstur golfskála og bygginga hefur lækkað, viðhald húss og áhalda lækkað verulega. Skýring er að GOF tók þátt í endurbótum á aðstöðu vallarstarfsmanna en árið á undan voru framkvæmdir á skrifstofum og innan golfskála sem ekki var greitt af GOF.

Rafmagn og hiti vex ár frá ári, fylgir gjaldskrá hækkunum okkar birgja þar.

Sorphirða og gámaleiga, hækkað verulega. Rotpró dýr liður, erum með 5 slíkar og eina olíuskilju, rotpróin hér við skála of lítil, er tæmd 4 sinnum ári og ein tæming kostar 180.000, kostnaður við losun sorps hefur einnig hækkað verulega þrátt fyrir að allt sé flokkað og unnið rétt okkar megin.

Rekstur véla og tækja, á svipuðum nótum og áður.

Skrifstofu og stjórnarkostnaður á svipuðu róli, kostnaður þar aðalega út seld vinna bókara.

Skýring á því er að það sé vinna bókara.

Efnahagsreikningur

Hækkar/stækkar árlega, eignir upp á 112,5 milljón, fasta fjármunir hækka um 24 milljónir veltufjármunir lækka um rúmar 3 milljónir. Keypt voru tæki og tól fyrir 33.000.000 að frádregnu því sem hefur verið selt á árinu, bókfært verð okkar fasta fjármuna 88 milljónir, í því eru gamli og nýi vallareftirlitsbílinn, tvær grínvélar, slátturþjarkar eldri og tveir nýir þjarkar á æfingasvæði, ný tæki í tækjahúsi, hopper og blásari sem tengjast boltavél, fjórir nýir bílar, tveir seldir, 16 golfbílar, 12 nýlegir, ekki gert ráð fyrir fjölgun þar á næstunni, borholan er enn þá okkar og er afskrifuð um 2 % árlega.

Eignir, veltufjármunir viðskiptakröfur upp á 12.000.000 sem er svipað og í fyrra, birgðir eins og á fyrri árum. Handbært fé 263.000 kr.

Erum á yfirdrætti eins og þekkist vel á þessum árstíma.

Eigið fé og skuldir, óráðstafað eigið fé um á 72 milljónir samtals,

Í skammtímakröfum er yfirdráttur sem er öllu lægri en í fyrra.

Greiddum niður lán á árinu, losuðum okkur við lán á smágröfu.

Sjóðstreymi:

Handbært fé frá rekstri er tæpar 36.000.000 og af því fara 33.300.000 milljónir í fjárfestingu á völlum, endurnýjun tækja og annað tengt rekstri.

Fjárhagslega á góðum stað og ágætlega stödd til að takast á við það sem bíður okkar. Þurfum að skila heilbrigðri afkomu til að bæta þjónustu og völinn.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar

Gunnar fundarstjóri tók við af Þorvaldi og opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Páll Kolka spyr hvort í samningi við Oddfellowa sé ákvæði um að þeir fái hlut af seldum rástímum. Kári svarar – svo er ekki og Kári segir að hann hafi verið að deila þessum kostnaði við leigu á svæðinu á félagsmenn og þaðan sé þessi upphæð 13000 kr. komnar. Um 18.000.000 eru greiddar til GOF.

Önnur spurning úr sal – Ingjaldur Ásvaldsson kemur í pontu, vill þakka stjórn og starfsmönnum fyrir frábæra ársreikninga. Ein tala sem fer í taugarnar á honum sem er

31.000.000 leiga til STLO, en Ingjaldur vildi ítreka að helmingar af þessari tölu gengur svo til GOF og þaðan beint í rekstur hér, mætti því vera öðruvísi fram sett í reikningum GO. Í skýrslu formanns var rætt að verkefnið um stækkun vallarins væri fast í kerfinu innan reglunnar, sem er satt því miður, en eingöngu taldi Ingjaldur að um frestun væri að ræða og hann gerði frekar ráð fyrir að þetta yrði komið á borð að nýju eftir þrjá mánuði. Verkefnið hefur verið á lífi í 17 ár og gengið hægt og ástæða fyrir þessari stöðu núna mætti rekja til þess að mörg verkefni eru í gangi þessa dagana hjá reglunni og alla veganna framkvæmdir sem hafa áhrif á þetta mál. Ingjaldur nefndi líka að ein ástæðan fyrir því að verkefnið var aðeins sett á bið var að GO legði nú til nýjan vallahönnuð að verkefninu og því forsendur aðrar en upphaflega var lagt til með. Hefði líklega annars runnið í gegn en verkefnið mun örugglega fara í góðan farveg að nýju og ef menn rugga bátum er ekki óeðlilegt að öldurnar gárist í kringum hann.

Hækkun á bókhaldskostnaði um 70 %- spurt úr sal, Þorvaldur skýrir, hefur nýtt utanaðkomandi mann í stemmingar bókhald í stað þess að gera það sjálfur. Ástæða fyrir því að þessi vinna er utanaðkomandi er að Þorvaldur er framkvæmdastjóri, færir bókhald og greiðir reikninga, óþægileg staða og því hefur vinna bókara aukist í að stemma af til að allir geti verið rólegir yfir bókhaldsmálum.

Fæðiskostnaður – spurning úr sal - 250 % hækkun einhverjar skýringar á því? Þorvaldur, reikningar bárust seint og illa og kostnaður því nær yfir tvö ár, og mun þessi kostnaður lækka milli ára.

Spurning úr sal – yfirdráttur, sem er tímabundin, tekjur koma væntanlega í bunka, - ástæða yfirdráttar? Þorvaldur svarar að það tengist vissulega sjóðsstöðu sem er lítil 31.10, þyrftum að eiga 15.000.000 inn á bók til að standa undir kostnaði þangað til tekjur fara að berast á nýju ári. Yfirdráttur fer í c.a. 35 milljónir, í feb komnir í 50 milljónir í plús og 70 milljónir í plús í mars og staða eftir það góð fram á sama tíma að ári.

Viðskiptakröfur upp á 12 milljónir hverjar eru þær? Aðallega kröfur á viðskiptamenn um 4-5 milljónir, skuldir félagsmanna óverulegar c.a. 1.000.000

Reikningar samþykktir samhljóða

4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.

Gunnar bauð Berglindi Rut Hilmarsdóttir í pontu til að ræða framkomnar tillögur um lagabreytingar skv. 19 gr.

Um er að ræða nokkrar efnislegar tillögur, aðlaga reglur að eðlilegri framkvæmd. Ákveðið að bera upp tillögur, leyfa umræður og afgreiða hverja tillögu.

Breyting á 3. gr.

3. gr. er svohljóðandi fyrir breytingu:

Félagar geta allir orðið sem hafa áhuga á að styðja tilgang félagsins og óska aðildar með skriflegri umsókn. Inntaka nýrra félaga er háð samþykki stjórnar. Stjórn ákveður hámarksfjölda félagsmanna hverju sinni miðað við þá aðstöðu til golfleiks sem félagið getur boðið hverju sinni. Æski fleiri félagsaðildar en unnt er að verða við skal setja umsækjendur á biðskrá. Stjórn skal setja og birta reglur um biðskrána.

Annar málsliður sem er svohljóðandi: „*Inntaka nýrra félaga er háð samþykki stjórnar*“ fellur brott.

Við annan (eftir brottfallið) málslið bætist við textinn „*og tekur mið af því við ákvörðun á mögulegum fjölda nýrra félaga ár hvert*“

Við lokamálslið greinarinnar bætist „*og inntöku nýrra félaga*“.

3. gr. verður svohljóðandi:

„Félagar geta allir orðið sem hafa áhuga á að styðja tilgang félagsins og óska aðildar með skriflegri umsókn. Stjórn ákveður hámarksfjölda félagsmanna hverju sinni miðað við þá aðstöðu til golfleiks sem félagið getur boðið hverju sinni og tekur mið af því við ákvörðun á mögulegum fjölda nýrra félaga ár hvert. Æski fleiri félagsaðildar en unnt er að verða við skal setja umsækjendur á biðskrá. Stjórn skal setja og birta reglur um biðskrána og inntöku nýrra félaga.“

Tillagan felur í sér að laga greinina að raunverulegri framkvæmd við inntöku nýrra félaga, þ.e. að stjórn sé ekki að hlutast til um hverjir eru teknir inn heldur einungis hversu margir. Hámarksfjöldi félagsmanna, eigi við um þá sem spila Urriðavöll (*þ.e. getu vallarins til að anna eftirspurn félagsmanna um rástíma*). Nái breytingin fram að ganga gerir lokamálsliður greinarinnar ráð fyrir því að stjórn setji reglur um biðskrána og inntöku nýrra félaga. Slíkt eykur gagnsæi um skilyrði þess að hljóta inngöngu í golfklúbbinn.

Tillaga borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Breyting á 5. gr.

5. gr. er svohljóðandi fyrir breytingu:

„*Árgjöld og inntökugjöld skulu ákveðin á aðalfundi til eins árs í senn.*“

Við greinina bætist eftirfarandi setning: „*Skál ákvörðunin tekin eins fljótt og verða má að loknum aðalfundi félagsins í samræmi við þá fjárhagsáætlun er samþykkt var á fundinum, sbr. 6. tl. 18. gr.*“

5. gr. verður svohljóðandi:

„*Árgjöld og inntökugjöld skulu ákveðin af stjórn félagsins til eins árs í senn. Skál ákvörðunin tekin eins fljótt og verða má að loknum aðalfundi félagsins í samræmi við þá fjárhagsáætlun er samþykkt var á fundinum, sbr. 6. tl. 18. gr.*“

Tillagan felur eftirfarandi í sér: Margir golfklúbbar landsins samþykkja fyrst og fremst fjárhagsáætlun. Gjaldskrá komandi árs byggir á áætlun um heildartekjur og gjöld, en árgjöld Odds eru um 60% af tekjum klúbbsins. Mikilvægt er að heildartekjur og gjöld séu lögð fyrir aðalfund til að gagnsæi gagnvart félagsmönnum ríki um rekstur klúbbsins og árgjöld.

Umræður um tillöguna

- Georg Arnar Þorsteinsson biður um að koma í pontu, sagði að hann hefði borið undir stjórn að hann ætlaði að koma með tillögu að árgjöld yrðu ekki hækkuð í ár, taldi upp samanburð við aðra golfklúbba. Æðsta vald klúbbsins er aðalfundurinn, ef við sendum þetta í hendur stjórnar getur hún ákveðið gjöld án umræðu og vísað í að fjárhagsáætlun geri ráð fyrir þessu. Við kjósum stjórn en missum mikið frá okkur ef við erum ekki partur af því að ákveða árgjöld, leggur til að við samþykkjum ekki þessa tillögu. Kári svarar – segir þetta ekki óvenjulega leið í golfklúbbum, fjárhagsáætlun samþykkt á aðalfundi t.d. í GKG, þörf á breytingum á þessum lið því ýmis gjöld eigi að ákveða á aðalfundi skv. honum eins og boltakort og annað en í framkvæmd yrði liður árgjalda

alveg upp á borðinu þar sem það væri hluti af fjárhagsáætlun sem yrði lögð fram. Kári skýrir málið þannig að ef fundur fellir tillögu stjórnar um árgjöld þá eru við að setja fjárhagsáætlun úr skorðum og stjórn er þá óhjákvæmilegt að fylgja stefnu sinni skv. áætlun og þarf að bregðast við á annan hátt til að standa undir áætlun, fjölga útleigu á velli til að skapa auknar tekjur eða á annan hátt. GO greiðir leigu fyrir landið sem aðrir gera ekki, Keilir fékk 80 milljónir til að byggja upp nýja aðstöðu innan síns svæðið frá Hafnarfjarðarbæ, félagsmenn hér greiða fyrir alla uppbyggingu hér innan svæðið og miðast árgjöld við þessa stöðu, umtalsverður aðstöðumunur, í staðinn reynum við að bjóða upp á besta völinn, vildum sannarlega geta boðið upp á inniaðstöðu og fleira en sjáum ekki fjárhagslegan ávinning á því að reka slíka aðstöðu, kannski á þessi umræða betur heima undir umræðu um fjárhagsáætlun.

Berglind tekur við aftur og vísar í að 60% af tekjum koma í gegnum aðildargjöld svo það er stór partur af fjárhagsáætlun.

Ásbjörn Björnsson, - fjárhagsáætlun er samþykkt á fundinum skv. öllu og þegar stjórn kynnir áætlun eru þar að baki tölur sem byggðar eru á forsendum stjórnar eins og fjöldi í klúbbsi og tekjur af hverjum iðkanda, það skýtur skökku við að aðalfundur sé að samþykkja þessa fjárhagsáætlun byggða á þessum grunnforsendum og svo taki stjórn ákvörðun svo fljótt sem verða má að loknum aðalfundi. Er ekki búið að taka þetta vald af stjórninni með því að samþykkja fjárhagsáætlun?

Aftur spurt úr sal eftir stutt svör og andsvör úr sal og borði stjórnar, hvort árgjöld verði alltaf kynnt á aðalfundi? Kári segir að gert sé ráð fyrir að það sé alltaf kynnt. Úr sal er þá sagt að óþarfi sé að breyta í þessu því þetta er sannarlega þegar samþykkt. Erfitt að skilja tilganginn á þessari breytingu ef árgjöld eru í raun samþykkt í fjárhagsáætlun.

Laufey, finnst þetta eins og opinn tékki að færa valdið í hendur nýrrar stjórnar að hlutirnir liggi ekki á hreinu þegar maður gengur út af aðalfundi. Hver er þá tilgangur með breytingum, gæti boðið upp á óvænt, orðalagið er tvírætt,

Hlöðver – aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins, finnst skrítið að þetta eigi að vera fært í hendur stjórnar til nánari skoðunar. Tillaga er lögð fram um að samþykkja ekki breytingu á þessum lið á þessum fundi. Úr verður að fundarstjóri segir að ef greidd verði atkvæði um lagabreytingartillögu og hún er ekki samþykkt er hún sjálfkrafa komin aftur í hendi stjórnar til meðferðar og möguleiki að koma síðar með þá tillögu fram. Kári stígur þá fram með breytingartillögu – orðalagið skal ákvörðun tekin svo fljótt sem verða má að loknum aðalfundi, breytast í skal ákvörðun kynnt í samræmi við fjárhagsáætlun sem samþykkt er á fundinum. Klárt að fram skuli koma á aðalfundi hver fjárhagsáætlun sé, stjórn hefur hins vegar alveg leyfi til að leggja á ýmis gjöld yfir árið, nefnt hefur verið að leggja a skráningargjald á rástímabókun, stjórn er alltaf að ákveða einhver álög. Laufey leggur til að árgjöld séu tekin út úr og séu alltaf ákveðin á aðalfundi og því tekin úr tillögunni en önnur gjöld verði áfram þar inni.

- Júlíus Rafnsson spyr hvort framkomin dagskrárbreytingartillaga verði ekki tekin umræðulaust til umræðu og Gunnar Viðar fundarstjóri hafnar því á þeirri forsendu að þetta sé ekki dagskrárbreytingartillaga heldur sé þetta tillaga um að hafna núverandi tillögu, leggur því til að greiða atkvæði um tillöguna. Umræður halda áfram, ræða skal allar tillögur. Formleg breytingartillaga frá Kára lögð fram – Laufey beðin um að koma með sína tillögu fram skriflega líka.

Gunnar leggur til við fundinn að fyrst verði greidd atkvæði um þá tillögu að lagabreytingum á 5gr. verði vísað til stjórnar til frekari umræðu og verði því ekki afgreidd

hér formlega á fundinum áður en breytingartillögur verði bornar upp.

Borin upp tillaga um að vísa 5.gr. til frekari meðhöndlunar hjá stjórn, **tillaga samþykkt.**

Breyting á 8. gr.

8. gr. er svohljóðandi:

„Félagsmenn og aðrir kylfingar eru skyldugir að fara eftir þeim golfreglum sem gilda á hverjum tíma enda sér stjórnin um að þær séu nægilega kynntar og aðgengilegar. Stjórnin skal setja reglur um skráningu rástíma, leikhraða, umgengni og framkomu á golfvöllum og í klúbbhúsum. Stjórnin getur bundið rétt til þess að leika á aðalvelli félagsins við forgjafarlágmark.

Brjótí félagsmaður alvarlega eða ítrekað gegn reglum félagsins getur stjórnin beitt viðkomandi viðurlögum sem geta verið áminning, tímabundinn missir réttinda til þess að mega skrá rástíma, tímabundinn missir réttinda til þess að leika á golfvöllum félagsins eða brottvísun úr félaginu. Sömu reglur gilda um aðra kylfinga eftir því sem við á. Stjórnin getur skipað aganefnd til þess að fara með agavald sitt. rottvísun úr félaginu skal þó ætíð háð samþykki stjórnar.“

Tillagan felur í sér að lagfærð er innsláttarvilla í síðustu setningu greinarinnar, þar sem segir: „rottvísun úr félaginu skal þó ætíð háð samþykki stjórnar.“ Þar bætist við „B“ framan við orðið, svo réttilega standi þar „Brottvísun...“

Tillaga samþykkt.

Breyting á 13. gr.

13. gr. er svohljóðandi:

„Stjórnin ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður ráðningarkjör hans. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnumörkun stjórnar. Stjórnin skal leitast við að tryggja félagsmönnum nægilegt framboð golfkennslu með ráðningu golfkennara. Heimilt er stjórninni að greiða mönnum beinan kostnað sem leiðir af störfum þeirra fyrir félagið.“

Greinin breytist á þann hátt að þriðji málslíður svohljóðandi: „Stjórnin skal leitast við að tryggja félagsmönnum nægilegt framboð golfkennslu með ráðningu golfkennara“ fellur niður.

Greinin verður þá svohljóðandi:

„Stjórnin ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður ráðningarkjör hans. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnumörkun stjórnar. Heimilt er stjórninni að greiða mönnum beinan kostnað sem leiðir af störfum þeirra fyrir félagið.“

Tillagan felur eftirfarandi í sér: Ekki er lengur þörf á að félagið sé ábyrgt fyrir því að þar starfi golfkennarar, þar sem tímar og aðstæður hafa breyst með auknu framboði á sjálfstætt starfandi golfkennurum og inniæfingaraðstöðu yfir veturinn sem GO býður ekki upp á.

Tillaga samþykkt

Breyting á 14. gr.

14. gr. er svohljóðandi:

„Stjórnin ákveður sjálf starfstilhögun sína. Stjórnin kemur fram fyrir hönd félagsins og ræður málefnum þess með þeim takmörkunum sem lög þessi setja og ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi. Stjórnin kemur fram fyrir hönd félagsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varðar en þó þarf samþykki félagsfundar til stórra ákvarðana sem hafa mikil fjárútlát í för með sér. Stjórnin skal rækta samband við félagsmenn og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi félagsins á félagsfundum eða opnum stjórnarfundum.

Á vegum stjórnarinnar skulu að jafnaði starfa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd, Vallarnefnd, Aganefnd, kvennanefnd og afreksnefnd.“*

Greinin breytist á þann hátt að orðalag í 3. ml. breytist á þann hátt að í stað orðanna „hans“ og „hann“ koma orðin „þess“ og „það“.

Greinin breytist á þann hátt að lokamálsgrein svohljóðandi: „Á vegum stjórnarinnar skulu að jafnaði starfa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd, Vallarnefnd, Aganefnd, kvennanefnd og afreksnefnd“ fellur niður.

Ný lokamálsgrein verður svohljóðandi: „Á vegum stjórnar skal starfa, aganefnd. Stjórn getur skipað nefndir til skemmri tíma til að sinna sérstökum, tímabundnum verkefnum. Stjórn skal setja reglur um starfsemi nefnda félagsins.“

14. gr. verður svohljóðandi:

„Stjórnin ákveður sjálf starfstilhögun sína. Stjórnin kemur fram fyrir hönd félagsins og ræður málefnum þess með þeim takmörkunum sem lög þessi setja og ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi. Stjórnin kemur fram fyrir hönd félagsins í fullu umboði þess í öllum málum sem það varðar en þó þarf samþykki félagsfundar til stórra ákvarðana sem hafa mikil fjárútlát í för með sér. Stjórnin skal rækta samband við félagsmenn og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi félagsins á félagsfundum eða opnum stjórnarfundum.

Á vegum stjórnar skal starfa, aganefnd. Stjórn getur skipað nefndir til skemmri tíma til að sinna sérstökum, tímabundnum verkefnum. Stjórn skal setja reglur um starfsemi nefnda félagsins.

Tillagan felur eftirfarandi í sér: Í fyrsta lagi er um að ræða leiðréttingu á málfari. Í öðru lagi er gerð breyting á fjölda nefnda sem að jafnaði skulu starfa á vegum stjórnar. Ekki er talið nauðsynlegt að tiltaka allar nefndir enda eru þær breytingum háðar. Vallarnefnd hefur ekki verið starfandi í mörg ár þar sem völlurinn er fullmótaður. Starfi mótanefndar er sum ár eingöngu sinnt af starfsmönnum klúbbsins og kvennanefnd er hluti af sjálfsprotnu sjálfbóðaliðastarfi. Þá hefur afreksnefnd starfað sum ár og önnur ekki.

Tillaga samþykkt.

Breyting á 18. gr.

18. gr. er svohljóðandi:

„Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd.*
10. Önnur málefni ef einhver eru.“

Lagt er til að 6. tl. verði svohljóðandi: „*Fjárhagsáætlun næsta árs borin upp til samþykktar, árgjöld og önnur gjöld kynnt.*“

18. gr. verði svohljóðandi:

„Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Fjárhagsáætlun næsta árs borin upp til samþykktar, árgjöld og önnur gjöld kynnt.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd.*
10. Önnur málefni ef einhver eru.“

Tillagan felur í sér samræmi við breytingu á tölulíðnum í samræmi við þá breytingu sem er lögð til á 5. gr.

Breytingartillaga er byggð á 5. Gr og því ekki forsendur að afgreiða þessa tillögu þar sem 5. Gr. var ekki samþykkt. Tillaga því felld niður.

Breyting á 21. gr.

21. gr. er svohljóðandi:

„*Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal hún tekin fyrir á sérstökum fundi sem stjórnin boðar til með sama hætti og aðalfund. Fundurinn er ályktunarhæfur ef minnst tveir þriðju félagsmanna sækja fundinn og tveir þriðju fundarmanna samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til fundar á ný og halda hann innan þriggja vikna. Sá fundur er ályktunarhæfur án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana.*“

Greinin breytist á þann hátt að orðalag í 1. ml. verður svohljóðandi: „*Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal hún tekin fyrir á sérstökum fundi sem stjórnin boðar til með sama hætti og boðað er til aðalfundar.*“

Tillagan felur í sér leiðréttingu á málfari. **Tillaga samþykkt.**

5. Afgreiðsla tillagna um lagabreytingar

Liður 4 og 5 voru teknir saman, umræða og atkvæðagreiðsla framkvæmd eftir hvern lið í breytingum á lögum, sjá ofar.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt og árgjöld ákveðin

Kári tekur þennan lið í fjarveru gjaldkera GO og fer yfir fjárhagsáætlun næsta árs.

Áætlun 2025		
	Áætlun 2025	Reikningur 2024
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld	224.135.000	206.091.960
Vallartekjur	78.500.000	73.030.176
Styrkir og fjáraflanir	34.650.000	31.171.500
Aðrar tekjur	26.800.000	28.161.060
	364.085.000	338.454.696
Rekstrargjöld:		
Vörunotkun	10.000.000	9.336.852
Laun og launatengd gjöld	178.300.687	166.477.457
Íþróttastarf	22.918.000	20.423.123
Rekstur Urriðavallar	66.000.000	61.605.206
Rekstur golfskála og bygginga	19.700.000	14.411.747
Rekstur véla og tækja	25.940.000	24.972.278
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	10.140.000	9.985.303
	332.998.687	307.211.966
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	31.086.313	31.242.730
Afskriftir og fjármagnsliðir	10.800.000	10.992.371
Hagnaður (Tap) ársins	20.286.313	20.250.359

Stefnt er á svipaðan hagnað og 2024. Hefðbundin hækkun mun verða á félagsgjöldum og stefnt er á auknar vallartekjur, hækka á flatargjöld og ýmis önnur gjöld og samstarfssamningar munu hækka milli ára.

Í gjöldum hækkar launaliður nokkuð og það skýrist á því að við erum að bæta við fast ráðningu hjá starfsmönnum sem hafa verið hér í 10 mánaða starfi í gegnum árin, viljum tryggja okkur gott vinnuafli og því þetta nauðsynlegt rekstrarlega. Hækkun á aðföngum er fyrirsjáanleg og kominn er tími á ýmislegt viðhald innan og utanhúss og líklegt að hluti af því falli á herðar GO.

Varðandi Árgjöld 2025, þá er mesta breytingin sú að stjórn hefur ákveðið að hækka viðmiðunaraldur fyrir elstu hópa, hækka viðmiðunaraldur á eldri borgara afslætti, þ.e. hækka árin sem afsláttur miðar við úr 67 árum og færa upp í 70 ára á næstu þremur árum, samræmi við aðra golfklúbba. Aðrir klúbbar sumir mun hærra uppi allt að 74 árum, skýring að þessu m.a. að þessi hópur kyfinga spili til jafns við yngri og í takt við nýtingu að mati stjórnar. Aðrir liðir svo í hefðbundnu prósentu jafnvægi við efsta gjald sem verður 185.000. Fer yfir þekktar

ástæður eins og bæjarstyrkir og leigugjöld okkar á svæðinu. Erfitt að bera okkur saman við aðra klúbba varðandi gjöld því staða okkar er allt önnur.

Kári var ánægður að finna fyrir nýjum tón í samstarfi við Garðabæ, hillir undir inniaðstöðu Úr sal bárust nokkrar spurningar sem ekki verða allar tilgreindar hér en umræða og spurningar voru þá varðandi leiðir til að auka tekjur og bæta stöðu klúbbsins yfir tímabilið október til janúar eins og þekkt er að yfirdráttur er að dekkja í rekstri.

Tillaga um 30.000 hækkun heyrðist

Tillaga um að skoða að draga saman í fjárfestingum

Tillaga um óbreytt árgjald, hér væri allt í toppmálum, þjónusta góð og engin ástæða til að hækka árgjöld.

Umræða um árgjöld innan stjórnar hafi farið ýmsar áttir segir Kári, skoðað hvort meiri hækkun væri málið, skoðað að setja á skráningargjöld en ákveðið var að halda áfram á sömu braut og verið hefur með hóflega hækkun og halda í íþróttafélagsandann. Stjórn mun leita annarra leiða til að auka tekjur og nýta góða stöðu okkar sem vinsæll völlur, svo fyrirtækjasamningar, vallargjöld gesta og önnur gjöld munu hækka. Viljum passa að hlutfall annara tekna en félagsgjöld af félagsmanni standi betur undir rekstri og aukist frekar en hitt.

Tillaga Georgs um að árgjöld séu óbreytt milli ára lesin upp en Gunnar fundarstjóri breytir af lagi og leggur fyrst fram tillögu stjórnar um árgjöld - tillaga samþykkt. Sjá hér neðar.

FÉLAGSGJÖLD

Félagsgjöld 2025 eru eftirfarandi:

Félagsmenn 26 – 67 ára kr. 185.000

Félagsmenn 68 – 80 ára kr. 162.000

Félagsmenn 18 – 25 ára kr. 102.000

Félagsmenn 81 ára og eldri kr. 62.000

Inngöngugjald 2025 kr. 40.000 (á einungis við um fulla aðild, ekki Ljúfling)

Börn og unglingar 13 – 17 ára kr. 62.000*

Börn 12 ára og yngri kr. 42.000*

*systkinaafsláttur – viðbótarárgjald systkina er 15.000 kr á hvert barn 17 ára og yngri. Miðað er við aldur elsta barns sem grunnjald.

FÉLAGSGJÖLD – LJÚFLINGSAÐILD

Ath. að ekki er tekið inntökugjald við inngöngu í Ljúflingsaðild.

Félagsgjöld 2025 fyrir Ljúflingsaðild eru eftirfarandi:

Félagsmenn 26 – 67 ára kr. 72.000*

Félagsmenn 68 ára og eldri kr. 58.000*

Félagsmenn 25 ára og yngri kr. 37.000*

Félagsmenn börn, 16 ára og yngri kr. 23.000

*10 körfu boltakort fylgir aðild 17 ára og eldri.

Gunnar fundarstjóri tók við og sagði orðið laust, enginn tók til máls, óskaði Gunnar því eftir því að fundurinn afgangi tillögunna.

Samþykkt samhljóða. Enginn á móti.

7. Kosning stjórnar-og varamanna í stjórn

Gunnar fór því næst í 7. Lið, kosningu stjórnar-og varamanna í stjórn og sagði frá því að skv. lögum félagsins skuli tilkynna um framboð tveimur vikum fyrir aðalfund. Kjörnefnd auglýsti eftir framboðum og er skemmt frá því að segja að jafnmörg framboð bárust í þau embætti og í boði eru. Eftirtaldir eru því í kjöri og teljast sjálfkjörnir:

Kári Haraldur Sölmundarson til formanns, réttkjörinn með lófaklappi.

Til stjórnar til tveggja ára: Giovanna Steinvör Cuda og Berglind Rut Hilmarsdóttir sem eru sjálfkjörnar.

Til varastjórnar í eitt ár: Guðrún Símonardóttir og Ágúst Valgeirsson, sjálfkjörin. Guðrún varamaður númer 1 og Ágúst varamaður nr. 2. Báðir varamenn sitja fundi og eru boðaðir á fund.

Fyrir í stjórn sitja, Jón S. Garðarsson og Páll Þórir Pálsson

Klappaði salurinn fyrir nýrri stjórn og telst hún því réttkjörin.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara - samþykkt

Gerð er tillaga um óbreytta skipan tveggja skoðunarmanna:

Davíð Einarsson og Ásbjörn Björnsson og til vara Jónas Gestur Jónasson, **var tillagan samþykkt**

9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd

Gerð er tillaga um óbreytta kjörnefnd frá fyrra ári:

Gunnar Viðar, Kristjana S. Þorsteinsdóttir og Hilmar Vilhjálmsson

Tillagan er samþykkt.

10. Önnur mál

Giovanna Steinvör úr stjórn GO kom í pontu og fór yfir tölfræði um barna og unglingastarfið og skýrði hraða fjölgun í starfinu sem er fagnaðarefni. Stúlkur í GO eru verulega hátt hlutfall miðað við landsmeðaltal erum við nánast í öndverðu miðað við tölur GSÍ.

Lýsti aðeins starfinu sem er í gangi og hversu vel hefur gengið í þessari uppbyggingu hér.

Þorvaldur framkvæmdastjóri flutti áhugavert erindi um slátturþjarka og framtíðarplön vallarstjóra í þeirri uppbyggingu og þann hag af sem vinnst í þeirri þróun.

Ýmsar leiðir aðrar en rafvæðing á svæðinu skoðaðar t.d. sólarsellur.

Fyrirspurn kom úr sal varðandi afbókun á rástímum. Örn Bjarnason – Því svarað að miklar breytingar eru almennt á rástímum og stjórn er að skoða lausnir og samtal er við aðra klúbba sem eru í sömu stöðu. Leiðin sem Keilir og GKG fara næsta sumar um að opna allt sumarið gæti verið leiðin og það verður skoðað ásamt öðru. Þessu tengt var spurt hvort kerfið miði upp á hámarksfjölda afbókana en því svarað til að ekki væri möguleiki á þeirri stillingu.

Önnur spurning – eftirlit á ráshópum í GR er þannig háttað að hópar frá „tag“ sem hægt er að rekja stöðu hvers leikhóps, hefur það eitthvað verið rætt hér? Svarað, Ekki ástæða að okkar

mati að fara þá leið því við teljum okkur ekki í vandræðum með leikhraða. Baldur sér um sína. Ef völlurinn stækkar verður þetta vissulega mögulega skoðað.

Í pontu kemur Hlöðver – gerði fyrst grein fyrir því að ástæða væri til þess að félagsmenn í Oddi væru upplýstir um fjármálalegar stærðir í öllu samhengi milli aðila hér STLO, GOF og GO. Leigan ekki há, ef allt er skoðað.

Varðandi stækkun vildi Hlöðver margt lægi að baki þess að málinu var frestað og farið yrfi yfir það síðar með stjórn.

Þakkar fyrir fundinn og þakkar stjórn fyrir gott samstarf í gegnum árin. Rekstur góður, allt frábært hér á Urriðavelli.

Ingjaldur- þakkar Hlöðveri fyrir útskýringar en vildi bæta við að ef Oddur mun greiða tugi milljóna í leigu á ári þá færi sá peningur ef hann rennur ekki til baka í völinn í líknarmál en ekki í vasa Oddfellowa.

Ekki fleiri á mælendaskrá,

Lokaorð Kára.

Takk fyrir góðan fund, þakkar Hlöðveri fyrir að fara yfir þessi mál, mikilvægt að við séum meðvituð stöðu okkar þegar við ræðum árgjöld og þakklát fyrir hvað við bjóðum upp á. Planið til framtíðar um þjarkavæðingu er gott og nauðsynlegt og ekki dýrt í samhengi við t.d. kaup á einni slátturvél. Þakkar góðan fund, undirgöng væntanleg úr Urriðaholti, viðræður um að komast í kjallara Urriðaholtsskóla og vonandi nýtist það okkur. Mikilvægt að tengja okkur betur við bæjarfélagið, pirringur út í leigu er aðallega í samhengi við þennan samanburð við aðra klúbba. Ánægður með samstarf við Hlöðver og hans forvera og aðra innan GOF, hefur trú á því að sú hönnum sem mun vonandi lýta dagsins ljós í sumar verði stórglæsileg og reynsla Kára af því að spila velli hannaða af þessum hönnuðum er virkilega góð.

Stjórn mun ræða rástímamál og breytingar munu verða gerðar á því kerfi.

Þakkar fyrir fundinn og þakkar allar þær tillögur sem komu þó hann hafi ekki verið sammála þeim öllum.

Þar með er dagskrá aðalfundar lokið og honum slitið klukkan 13:20.

Fundurinn var tekinn upp og sendur út, ríflega 40 manns fylgdust með fundi á netinu og er hann aðgengilegur á YouTube rás Golfklúbbsins Odds.

**Fundarritari,
Svavar Geir Svavarsson**